

36. stjórnarfundur, 24. september 2014 kl. 8:30

Mætt: Helga Árnadóttir, Árdís Erna Halldórsdóttir, Davíð Arnar Stefánsson, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Nína Sibyl Birgisdóttir, Vala Garðarsdóttir, Zophonías Torfason.

Forföll boðuðu; Þorvarður Árnason, Steingerður Hreinsdóttir og Fanney Björg Sveinsdóttir

Fundarstjóri: Davíð Arnar Stefánsson

Fundarritari: Kristín Hermannsdóttir

Dagskrá

- Heimsókn til Söderhamn og skuldbindingar NP gagnvart verkefninu (Davíð)
- Önnur mál

Fundargerð

Davíð sagði frá fyrirhugaðri heimsókn verkefnisstjóra Nýheima til Söderhamn 9-10. október. Þar á að ræða samstarfsverkefni 6 aðila sem sótt var um til Evrópusambandsins og Nýheimar eru þátttakendur í. „Landsbyggðin lifir“ er líka þátttakandi frá Íslandi. Verkefnið snýr að ungu fólki í stjálum byggðum og nær yfir tvö ár. Um er að ræða þrjár aðgerðir: fræðsla, ungt fólk í atvinnusamstarfi, að nýta samskiptatækni til að hvetja til þátttöku í samfélaginu. Þetta er tækifæri fyrir okkur til skilja og sporna við atgervisflótta hjá ungu fólki. Til Nýheima fylgja verkefninu u.þ.b. 9 milljónir (56 þúsund EUR). Skoða þarf hvort að Fræðslunetið og Háskólafélag Suðurlands geti komið að málinu og mikilvægt er að Sveitarfélagið Hornafjörður hafi beina tengingu við það. Einnig þarf starfsmann fyrir verkefnið sem nær til ungs fólks á svæðinu, frá Höfn og vestur um í Skaftárhrepp. Allar stofnanir Nýheima þurfa að sjá tengingar inn í verkefnið, hver á sinn hátt. Margt er í gerjun í samfélaginu og skoða þarf hvort hægt er að vinna meira með það fyrir ungt fólk. Aðgerðarstjórn þarf að útbúa ramma um verkefnið. Lokaafurð verður skýrsla og vefsíða auk kynningar á ráðstefnum. Málin skýrast betur eftir ferðina í október.

Í aðgerðarstjórn eru tilnefnd; Davíð- Nýheimar, Margrét Gauja-FAS/Fræðslunetið og Ragnhildur Jónsdóttir – SVH.

Önnur mál

- Rætt um að færa næsta fund til; hann verður 15. október kl. 08:30
- kaffikostnaður Nýheimar verður rukkaður í október 2014 (fyrir 12 mánuði)
- Rannís kemur með kynningu á föstudaginn kl. 15-17 og eru allir hvattir til mæta
- Rætt um að fara í heimsókn á Selfoss, Vík og Klaustur og hafa um leið hugarflugsfund (skoðanakönnun verður gerð til að finna viðeigandi tíma).
- Minnt á samskipti við Ráðuneytið – gera þarf skýrslu fyrir árið 2014 og starfsáætlun fyrir árið 2015.
- Stefnum á að fara hópferð á „Blítt og létt“ í október/nóvember.

Fundi slitið kl. 9:37

